
MINI 2.0 kaffivél, gerð: 3A-C276F

NOTENDAHANDBÓK




Yfirlit yfir íhluti



Mynd 1. Íhlutir tækisins

1	Handfang	7	Stjórnborð
2	Op fyrir kaffihylki	8	Lok vatnstanks
3	Stútur	9	Vatnstankur
4	Ílát fyrir notuð hylki	10	Hliðarspjald
5	Bollabakki	11	Innri dropabakki
6	Dropabakki		



Mynd 2. Stjórnborð

A	Espressóhnappur	C	Hnappur fyrir heitt vatn
B	Lungo-hnappur	D	Kveikju- og slökkvihnappur

Efnisyfirlit

Yfirlit yfir íhluti 2

Mikilvægar öryggisreglur 5

Leiðbeiningar um notkun 6

Öryggi notenda – vélin tekin úr umbúðunum og henni komið fyrir 7

Notkun vélarinnar 8

Reglugerðir 8

Notkun 9

Kaffilögun 10

Afkalkun 13

Þrif 13

Bilanir og úrræði 14

Sundurtekning 14

Frekari viðvaranir 15

Tæknilýsing 16

Þjónusta við viðskiptavini 16

Mikilvægar öryggisreglur

Lestu þessar leiðbeiningar vandlega áður en þú notar nýju kaffivélina í fyrsta sinn. Geymdu leiðbeiningarnar þar sem þú getur auðveldlega fundið þær og flett upp í þeim síðar.

- Í neyðartilvikum skaltu taka klóna tafarlaust úr innstungunni.
- Börn mega aldrei nota tækið án náins eftirlits fullorðinna.
- Gakktu úr skugga um að spennan á merkiplötunni sé sú sama og spenna rafveitunnar.
- Tengdu tækið aðeins við jarðtengda innstungu.

ATHUGIÐ: Ábyrgðin fellur úr gildi ef vélin er rangt tengd!

- Vélin er eingöngu ætluð til notkunar innandyra.
- Taktu klóna úr innstungunni ef vélin verður ónotuð í lengri tíma, til dæmis í fríi.
- Taktu klóna úr innstungunni og láttu vélina kólna áður en þú þrífur hana eða sinnir viðhaldi.
- Dýfðu vélinni, snúrunni eða klónni aldrei í vatn eða annan vökva.
- Hafðu snúruna þar sem börn ná ekki til.
- Haltu snúrunni alltaf frá heitum hlutum vélarinnar, hitagjöfum og beittum brúnum og gættu þess að hún snerti ekkert af þessu.
- Settu vélina aldrei á heitt yfirborð, til dæmis á hellu. Notaðu vélina aldrei nálægt opnum eldi.
- Settu vélina á slétt, stöðugt og hitaþolið undirlag þar sem vatnsskvettur ná ekki til hennar.
- Ef rafmagnssnúran er skemmd skal framleiðandinn, þjónustuaðili hans eða annar aðili með sambærilega hæfni skipta um hana til að koma í veg fyrir hættu.

Börn 8 ára og eldri mega nota tækið undir eftirliti eða að fenginni leiðsögn um örugga notkun þess, enda skilji þau hætturnar sem því fylgja. Börn mega aðeins þrífa tækið og sinna notendaviðhaldi ef þau eru eldri en 8 ára og undir eftirliti. Geymdu tækið og snúruna þar sem börn yngri en 8 ára ná ekki til.

Fólk með skerta líkamlega, skynræna eða andlega getu eða sem skortir reynslu og þekkingu má nota tækið undir eftirliti eða að fenginni leiðsögn um örugga notkun þess, enda skilji það hætturnar sem því fylgja.

Hafðu eftirlit með börnum til að tryggja að þau leiki sér ekki með tækið.

Tækið er ætlað til heimilisnota og til sambærilegra nota, til dæmis

- í starfsmannaeldhúsum í verslunum, á skrifstofum og öðrum vinnustöðum,
- á sveitabæjum,
- fyrir gesti á hótelum, vegahótelum og öðrum gististöðum,
- á gistiheimilum sem bjóða upp á morgunverð.

Kaffivélin má ekki vera inni í skáp meðan hún er í notkun.
Börn mega ekki þrífa tækið eða sinna notendaviðhaldi án eftirlits.

Leiðbeiningar um notkun

⚠ Lestu þessar leiðbeiningar vandlega, því þær innihalda mikilvægar upplýsingar um öryggi við uppsetningu, notkun og viðhald. Geymdu bæklinginn svo þú getir flett upp í honum eftir þörfum.

- Fyrir notkun skaltu ganga úr skugga um að allir hlutar vélarinnar, þar á meðal vélrænir íhlutir, séu heilir. Vélarhúsið, lok vatnstanksins, vatnstankurinn og kaffilögunareiningin mega hvorki vera brotin né sprungin. Kápan á rafmagnssnúrunni og klóin verða að vera heilar og lausar við sprungur. Ef þú verður var við slíka skemmd skaltu taka klóna tafarlaust úr innstungunni og fara með vélina til viðurkennds söluaðila til skoðunar.
- Mælt er með því að tengja vélina við rafrás með lekastraumsrofa (RCD) sem leysir út við 30 mA lekastraum eða minni.
- Hafðu rafmagnssnúruna þar sem börn ná ekki til.
- Gakktu úr skugga um að slökkt sé á vélinni áður en þú stingur henni í samband.
- Rafmagnsöryggi vélarinnar er aðeins tryggt ef hún er tengd við virka jarðtengingu í samræmi við gildandi öryggisreglur. Láttu hæfan aðila ganga úr skugga um að þessari mikilvægu kröfu sé fullnægt. Framleiðandinn ber ekki ábyrgð á tjóni sem hlýst af því að jarðtengingu vantar.
- Áður en þú tengir vélina skaltu ganga úr skugga um að spenna rafveitunnar samsvari spennunni sem vélin er gerð fyrir.
- Ekki má tengja vélina við rafmagn með lausum tengileiðslum eða óviðurkenndum framlengingarsnúrum.
- Fjarlægðu allar hlífðarfilmur utan af vélinni áður en þú notar hana.
- Þegar vélin er notuð í fyrsta sinn getur fundist lykt af einangrunarefnunum og hitaeiningunum. Lyktin hverfur eftir nokkrar mínútur.

ATHUGIÐ: Ekki skilja vélina eftir án vatns í tankinum.

- Dýfðu vélinni, rafmagnssnúrunni eða klónni aldrei í vatn eða annan vökva. Haltu rafmagnssnúrunni frá heitum hlutum vélarinnar.
- Klóin þarf alltaf að vera aðgengileg meðan vélin er í gangi svo hægt sé að taka hana úr sambandi ef þörf krefur.

- Ekki toga í rafmagnssnúruna til að taka vélina úr sambandi. Ekki færa vélina á meðan hún er í gangi.
- Skildu vélina aldrei eftir án eftirlits meðan hún er í gangi, því hún stöðvast ekki sjálfkrafa.
- Ekki nota vélina utandyra eða nálægt vatni og ekki koma henni fyrir á slíkum stað. Taktu alltaf vélina úr sambandi eftir notkun.

ATHUGIÐ: Ekki geyma vélina þar sem hitastigið er 0 °C eða lægra. Tæmdu vatnstankinn ef þú ætlar ekki að nota vélina í lengri tíma.

- Börn, fólk með skerta færni og aðrir sem þurfa aðstoð mega aðeins nota vélina undir ströngu eftirliti. Enginn má nota hana án þess að hafa fengið viðeigandi leiðbeiningar um notkun hennar og þær hættur sem fylgja rangri notkun.
- Ekki nota vélina berfættur eða með blautar hendur.
- Taktu alltaf klóna úr innstungunni áður en þú þrífur vélina eða vinnur að henni á annan hátt.

Öryggi notenda – vélin tekin úr umbúðunum og henni komið fyrir

- Taktu vélina úr umbúðunum og gakktu úr skugga um að allir hlutar fylgi með og séu óskemmdir.
- Settu vélina á slétt, lárétt, stöðugt og hitaþolið undirlag sem þolir þyngd hennar.
- Ekki setja upp eða nota vélina nálægt gluggatjöldum eða öðru eldfimu efni og ekki setja neitt ofan á hana meðan hún er í notkun.
- Ekki setja vélina ofan á eða nálægt ofni eða öðrum búnaði sem gefur frá sér hita, til dæmis miðstöðvarofni.
- Gakktu úr skugga um að nægilegt pláss sé í kringum vélina til að loftræstingin sé góð.

⚠ Umbúðaefni, svo sem pappi, sellófan og málmhefti, geta valdið skurðum eða öðrum meiðslum ef farið er óvarlega eða rangt með þau. Geymdu þau þar sem börn og óvanir ná ekki til.

Notkun vélarinnar

- Vélin er ætluð til að laga espressókaffi og er eingöngu til heimilisnota. Ekki má nota vélina í öðrum tilgangi, breyta henni eða eiga á nokkurn hátt við hana. Notkun í öðrum tilgangi telst óviðeigandi og því hættuleg. Framleiðandinn ber ekki ábyrgð á tjóni sem hlýst af óviðeigandi, rangri eða óeðlilegri notkun.
- Ekki snerta heita hlutana (kaffistútinn) meðan þú notar vélina. Gættu þín á heitum kaffiskvettum meðan vélin lagar kaffi.
- Ekki lyfta aðalhandfanginu meðan vélin lagar kaffi.


Reglugerðir

Framleiðandinn lýsir því yfir að varan sem vísað er til í þessum bæklingi hafi verið framleidd í samræmi við tilskipanir Bandalagsins eins og fram kemur í samræmisyfirlýsingunni sem fylgir þessum bæklingi.

Notkun

ATHUGIÐ: Gakktu úr skugga um að allir fylgihlutir séu til staðar og að búnaðurinn sé óskemmdur. Fjarlægðu alla hlífðarlímmiða af íhlutum vélarinnar og þrífðu innri hluta hennar.


Undirbúningur vélarinnar
Settu vélina á slétt og stöðugt undirlag. Gakktu úr skugga um að ílátið fyrir notuð hylki, dropabakkinn og vatnstankurinn séu á sínum stað.



Taktu vatnstankinn úr vélinni og helltu um 470 ml af vatni í hann.




Settu vatnstankinn aftur á sinn stað í vélinni.




Settu bolla á dropabakkann. Taktu fram rafmagnssnúruna og stingdu klónni í innstunguna.


Vélin gangsett í fyrsta sinn eða eftir langt hlé
Fylgdu skrefum (1), (2) og (3) til að undirbúa vélina. Gakktu úr skugga um að handfangið sé niðri og ekkert hylki sé í vélinni.



Ýttu á kveikju- og slökkvihnappinn eða einhvern annan hnapp til að kveikja á vélinni.




Appelsínugul ljós á espressóhnappinum, lungo-hnappinum og hnappinum fyrir heitt vatn byrja að blikka samtímis. Þegar appelsínugulu ljósin loga stöðugt er forhitun lokið.




Ýttu á espressóhnappinn, lungo-hnappinn eða hnappinn fyrir heitt vatn. Þá rennur vatn úr stútnum. Rennslið stöðvast sjálfkrafa.

Kaffilögun


Fylgdu fyrst skrefum (1), (2) og (3) til að undirbúa vélina og síðan skrefum (4a) og (4b) til að kveikja á henni.



Lyftu handfanginu og settu hylkið í opið fyrir kaffihylki.




Lækkaðu handfangið.



Ýttu á espressóhnappinn eða lungo-hnappinn. Þá rennur kaffi úr stútnum. Rennslið stöðvast sjálfkrafa.

Heitt vatn




Ýttu á hnappinn fyrir heitt vatn þegar vélin er tilbúin til notkunar.
Vatn rennur úr stútnum og rennslið stöðvast sjálfkrafa. Þú getur rofið eða stöðvað rennslið með því að ýta á einhvern drykkjarhnappanna.

Biðstaða


Ef vélin er ónotuð í meira en 9 mínútur slekkur hún sjálfkrafa á sér til að spara orku. Þá slokkna ljósin á öllum hnöppum.

Verksmiðjustillingar endurheimtar

ATHUGIÐ: Sjálfgefið magn fyrir espressó er um 40 ml og fyrir lungo um 110 ml. Sjálfgefið magn heits vatns er u.þ.b. 120 ml.



Haltu espressóhnappinum og lungo-hnappinum báðum inni í meira en 3 sekúndur.




Kaffihnapparnir blikka 3 sinnum til staðfestingar á því að verksmiðjustillingar hafi verið endurheimtar.


Magn í bolla stillt

ATHUGIÐ: Gakktu úr skugga um að vatnstankurinn sé fullur þegar þú stillir magn í bolla. Þú getur stillt magn hvers drykkjar innan eftirfarandi marka:


Drykkur	Stillanlegt magn
espressó	10–140 ml
lungo	10–280 ml
heitt vatn	20–450 ml



Haltu espressóhnappinum, lungo-hnappinum eða hnappinum fyrir heitt vatn inni í meira en 3 sekúndur.




Hnappurinn sem þú valdir blikkar og kaffi eða heitt vatn rennur úr stútnum.




Ýttu aftur á sama hnapp þegar æskilegt magn hefur runnið í bollann. Magn drykkjarins hefur nú verið stillt.


Slökktu á vélinni



Ýttu á kveikju- og slökkvihnappinn til að slökkva á vélinni.



Lyftu handfanginu þegar kaffilögun er lokið. Notaða hylkið fellur í ílátið fyrir notuð hylki.



Taktu ílátið fyrir notuð hylki úr vélinni og tæmdu það eftir að þú hefur lagað 8–10 bolla.

Afkalkun

Það er ráðlegt að afkalka tækið á um það bil 6 mánaða fresti, allt eftir notkunartíðni og steinefnainnihaldi vatnsins.


Notaðu kalkhreinsiefni sem mælt er með fyrir kaffivélar eða notaðu vatn og edik á eftirfarandi hátt:

- Fylltu vatnstankinn af óþynntu 5% ediki.
- Kveiktu á vélinni og ýttu á lungo-hnappinn án þess að setja hylki í vélina. Haltu áfram þar til tankurinn er tómur.
- Skolaðu vatnstankinn. Láttu vatn renna í gegnum vélina með lungo-hnappinum, án hylkis, þar til tankurinn er tómur. Endurtaktu þetta einu sinni enn. Ediklyktin ætti nú að vera alveg horfin.


ATHUGIÐ: Þessi aðgerð getur verið hættuleg ef önnur efni eru notuð í stað ediks eða viðurkenndra kalkhreinsiefna sem mælt er með fyrir kaffivélar til heimilisnota.

Þrif

❶ Þrífðu vélarhúsið með rökum klút. Ekki nota hreinsiefni sem rispa yfirborðið.



Taktu ílátið fyrir notuð hylki og dropabakkann úr vélinni og tæmdu hvort tveggja. Þvoðu hvort tveggja með venjulegum uppþvottalegi.



Taktu vatnstankinn reglulega úr vélinni og skolaðu hann með hreinu vatni.

Bilanir og úrræði

Ef vélin virkar ekki sem skyldi skaltu fyrst fara yfir atriðin hér að neðan. Hafðu samband við viðurkenndan söluaðila ef vandamálið er ekki á listanum eða ef það er enn til staðar þótt þú hafir fylgt leiðbeiningunum.

Vandamál	Möguleg orsök	Möguleg lausn
Vélin fer ekki í gang.	Klóin er ekki rétt tengd við innstunguna.	Gakktu úr skugga um að klóin sé rétt tengd við innstunguna.
Kaffið er of kalt.	Vélin er ekki tilbúin.	Bíddu þar til gaumljósið sýnir að vélin hefur náð réttum hita.
Ekkert kaffi kemur úr stútnum eða kaffið rennur of hægt.	Of lítið vatn er í vatnstankinum.	Gakktu úr skugga um að vatnsborðið í tankinum sé rétt og bættu við köldu vatni ef þörf krefur.

Sundurtekning

- Aðeins til þess bært starfsfólk má taka vélina úr notkun. Hleypa skal öllum þrýstingi af vatnskerfinu, taka rafmagnssnúruna úr sambandi og farga öllum efnum sem geta skaðað umhverfið á viðeigandi hátt og í samræmi við lög.
- Geymdu vélina þar sem börn og fólk án tilskilinnar þekkingar ná ekki til hennar.
- Ef farga á tækinu sem úrgangi verður að fara með það á viðurkennda endurvinnslustöð fyrir raf- og rafeindabúnað (*). Þetta er gert til að vernda fólk og umhverfi gegn hugsanlegum skaða. Nánari upplýsingar um endurvinnslu fást hjá sveitarfélaginu, þjónustuaðila sem sér um söfnun heimilisúrgangs eða söluaðilanum.
- Ekki farga efninu út í umhverfið.



Vélin er ætluð fyrir Evrópumarkað og ber auðkennismerki samkvæmt RAEE/WEEE-tilskipuninni (2002/06/(*) EB) um úrgang frá raf- og rafeindabúnaði.

Frekari viðvaranir

- Ef kló vélarinnar passar ekki í innstunguna skaltu láta hæfan aðila skipta um klóna. Hann skal jafnframt ganga úr skugga um að þversnið leiðaranna í klónni henti fyrir afl vélarinnar. Ekki er mælt með notkun millistykkja, fjöltengja eða framlengingarsnúra. Ef slík notkun er nauðsynleg skal aðeins nota einföld eða fjöltengd millistykki og framlengingarsnúrur sem uppfylla gildandi öryggiskröfur. Gættu þess að fara ekki yfir leyfilegt hámarksálag.
- Fylgja þarf grundvallarreglum um notkun rafbúnaðar. Gættu sérstaklega að eftirfarandi atriðum:
  - Ekki snerta eða nota tækið með blautar eða rakar hendur eða ef þú ert án skófatnaðar.
  - Ekki toga í rafmagnssnúruna eða tækið sjálft til að taka það úr sambandi.
  - Ekki leyfa börnum eða fólki sem kann ekki á tækið að nota það án eftirlits.
- Ef vélin er biluð eða virkar ekki sem skyldi skaltu slökkva á henni. Ekki eiga við hana. Leitaðu aðeins til viðurkennds söluaðila ef þörf er á viðgerð. Ef ekki er farið eftir ofangreindu getur það haft áhrif á öryggi vélarinnar.
- Ef þú ákveður að hætta alveg að nota vélina verður þú að gera hana ónothæfa. Taktu fyrst klóna úr innstungunni og klipptu síðan á rafmagnssnúruna. Einnig er ráðlegt að ganga þannig frá öllum hlutum vélarinnar að þeir valdi engri hættu, sérstaklega fyrir börn sem gætu leikið sér með vélina eftir að hún hefur verið tekin úr notkun.
- Setja verður vélina upp samkvæmt leiðbeiningum framleiðandans. Röng uppsetning getur valdið meiðslum á fólki eða dýrum og skemmdum á munum. Framleiðandinn ber ekki ábyrgð á slíku tjóni.
- Til að koma í veg fyrir hættulega ofhitnun er ráðlegt að rúlla rafmagnssnúrunni alveg út og nota vélina aðeins eins og lýst er í kaflanum „Leiðbeiningar um notkun“.
- Ef rafmagnssnúra vélarinnar er skemmd má aðeins viðurkenndur söluaðili skipta henni út.
- Framleiðandinn ber ekki ábyrgð á meiðslum á fólki eða dýrum né skemmdum á munum sem stafa af óviðeigandi og óskynsamlegri notkun vélarinnar eða viðgerðum fólks án tilskilinnar hæfni.

Tæknilýsing

Gerð:	3A-C276F
Spenna:	AC220-240 V
Tíðni:	50/60 Hz
Afl:	1200 W
Rafmagnsverndarflokkur:	Flokkur I
Rúmtak vatnstanks:	470 ml
Þyngd um það bil:	2,551 kg
Mál vélarinnar:	L342 x B93 x H211 mm
Lengd rafmagnssnúru:	um 1000 mm
Hávaðastig í notkun:	≤ 60 dB(A)
Rými íláts fyrir notuð hylki:	8–10 hylki
Tími þar til vélin fer í biðstöðu:	9 mín.
Forhitunartími	u.þ.b. 40 sekúndur

Þjónusta við viðskiptavini

Takk fyrir að velja vöruna okkar.
Við viljum að kaupin standist allar væntingar þínar. Við tökum fagnandi við ábendingum og tillögum. Þú getur skráð þær hér að neðan:

MINI 2.0 kaffivél

Gerð: 3A-C276F